

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Þriðjudaginn 15. júní 2004 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 17<sup>15</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Vígsla Bjarmaness.**

Oddviti greindi frá tillögu byggingarnefndar Bjarmaness um að húsið verði formlega vígt eftir endurbætur laugardaginn 19. júní n.k. Rætt var um form vígslunnar og hverjum skuli bjóða til hennar með formlegum hætti. Samþykkt að senda út auglýsingu þar sem vígslan verði kynnt og íbúum og öðrum boðið að koma og skoða húsakynni. Sveitarstjóra falið að undirbúa vígsluna.

**2. Aðalskipulagsbreytingar.**

Sveitarstjóri greindi frá því að ekki hafi komið fram athugasemdir vegna auglýsingar um breytingu á aðalskipulagi vegna sumarhúsabyggðar og að á sama hátt hafi enginn gert athugasemdir vegna deiliskipulags frístundabyggðar við Hólberg. Hreppsnefnd samþykkti því óbreytta tillögu um aðalskipulagsbreytinguna.

Oddviti bar upp tillögu að deiliskipulagi sem auglýst var um frístundabyggð við Hólberg. Tillagan var samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að leita staðfestingar Skipulagsstofnunar á deiliskipulaginu.

**3. Vinabæjamót 24.-27. júní 2004.**

Fyrir fundinum lá gestalisti vegna vinabæjamótsins og greinargerð um dagskrá þess sem undirbúningsnefnd hefur unnið. Hreppsnefnd yfirfór greinargerðina og gerði ekki athugasemdir vegna hennar.

**4. Umsókn um léttvinsleyfi fyrir Viðvíkurkaffi.**

Fyrir fundinum lá erindi Dagnýjar M. Sigmarsdóttur sem sækir um léttvinsleyfi fyrir Viðvíkurkaffi sem rekið verður í gamla skólanum, Bjarmanesi. Einnig lá fyrir fundinum bréf sveitarstjóra til sýslumanns þar sem leitað er umsagnar um málið.

Hreppsnefnd samþykkti veitingu léttvinsleyfisins með fyrirvara um samþykki sýslumanns.

**5. Bréf:**

a) Unglingadeildar Björgunarsveitarinnar Strandar, dags. 9. júní 2004.

Í bréfinu er leitað eftir fjárstuðningi við unglingsdeild Björgunarsveitarinnar Strandar til kaupa á búnaði fyrir deildina. Samþykkt að fresta afgreiðslu erindisins og óska frekari upplýsinga um málið.

b) Sveitarstjóra til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 9. júní 2004.

Í bréfinu er óskað eftir stofnframlagi til byggingar sundlaugar.

c) Stjórnar Atvinnuleysistryggisjóðs, 21. maí 2004.

Í bréfinu kemur fram að samþykkt hefur verið að veita styrk til Höfðahrepps sem nemur 6 störfum í 3 mánuði til átaksverkefnis í umhverfismálum og skógrækt.

1. júlí 2004

- d) Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, dags. 18. maí 2004.  
Í bréfinu kynnt að ársfundur FSA verði haldinn 24. júní n.k.  
Bréfið var til kynningar.
- e) Samgönguráðherra, dags. 24. maí 2004.  
Í bréfinu gerir ráðherra grein fyrir að dýpkun hafnarinnar verði sett á samgönguáætlun 2005-2008 við endurskoðun hennar, haustið 2004.
- f) Sóknarnefndar Hólaneskirkju, dags. 17. maí 2004.  
Í bréfinu þakkar formaður fyrir hönd sóknarnefndar fyrir fjárstuðning til kirkjunnar.

#### **6. Fundargerðir:**

- a) Leikskólanefndar, 27. maí 2004.  
Auk fundargerðarinnar lágu drög að ársskýrslu leikskólans fyrir fundinum.  
Í fundargerðinni er lagt til að Þórunn Bernódusdóttir verði ráðinn leikskólastjóri.  
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Skólanefndar, 4. maí 2004.  
Fundargerðin var samþykkt.
- c) Skólanefndar, 24. maí 2004.  
Fundargerðin var samþykkt.
- d) Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra. 4. júní 2004.  
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Héraðsráðs, 1. júní 2004.  
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Héraðsráðs, 10. júní 2004.  
Fundargerðin var til kynningar.

#### **7. Önnur mál.**

- a) Fyrir fundinum lá tölvubréf frá Eyjólfí Sverrissyni f.h. Knattspyrnusambands Íslands þar sem tilkynnt er að umsókn um sparkvöll hafi verið samþykkt. Reiknað er með að völlurinn verði byggður á árinu 2005.
- b) Umræður urðu um íbúáþing og hvernig hafi til tekist hjá þeim sveitarfélögum sem hafa verið að reyna fyrir sér með þeirri aðferð. Sveitarstjóra falið að kanna málið.
- c) Á fundinum var lögð fram skýrsla vinnuhóps um æskulýðsmál á Skagaströnd þar sem m.a. er lagt til að ráðið verði í ákveðið starfshlutfall tólmstunda og íþróttafulltrúa. Skýrslunni var vísað til næsta fundar hreppsnefndar til umfjöllunar.

**Hreppsnefnd Höfðahrepps**  
**Fundargerðir**

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 19<sup>40</sup>

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Gígja H. Óskarsdóttir  
(sign)

Jensína Lýðsdóttir  
(sign)

Birna Sveinsdóttir  
(sign)